

LAND



pósturinn

Edward Hákon Hú
Stigahlið 20
105 Reykjavík

FRÉTTABRÉF FÉLAGS LANDFRÆÐINGA

18. árg. 2. töl. maí 2006

Ábm.: Edward H. Huijbens, Félag landfræðinga, Pósthólf 5391, 125 Reykjavík

Doreen Massey á Íslandi

Doreen Massey landfræðingur og prófessor við Open University í Bretlandi kemur til Íslands í tengslum við ráðstefnuna Sens'ible Spaces. Space, Art and the Environment (Skyn(sam)leg rými. Rými, list og umhverfi) sem haldin er í Öskju daganna 31. maí til 2. júní. Landfræðiskor ásamt heimspækiskor, við Háskóla Íslands, standa fyrir þessari ráðstefnu en um 60 lista- og fræðimenn munu koma þangað og kynna sína vinnu (sjá bakhlið).

Doreen hefur látið mikið að sér kveða í landfræði á undanförunum árum þá sérstaklega í kynjafræði, marxískri landfræði og nú síðast með framlagi sínu til heimspeki landfræðinnar með bók sinni *for Space* (Sage, 2005). Hluti kafla úr þeirri bók var þýddur í Lesbók Morgunblaðsins 10. maí 2005. Hún hefur einnig sýnt samspili rýmis og lista mikinn áhuga og sat nýverið í panel til að ræða verk Ólafs Elíassonar sem eru til sýnis í Tate Modern í London.

Stjórn félagsins ákvað að bjóða Massey í stutta ferð norður á Mývatn gegn því að hún hitti félagsmenn og segði þeim frá breskri landfræði og sínum störfum. Af því tilefni bjóðum við til samkomu að kvöldi 2. júní í Litlu Brekku-samkomusal Lækjarbrekku, Bankastræti. Að loknu stuttu erindi hennar mun hún svara spurningum og ræða við félagsmenn. Léttar veitingar verða til sölu á staðnum og barinn verður opin.

Doreen Massey. Kl: 20.00, föstudagskvöldið 2. júní Litla Brekka, Bankastræti.

Takið kvöldið frá!

Skyn(sam)leg rými

Rými, list og umhverfi

RÁÐSTEFNA VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS, 1. OG 2. JÚNÍ 2006
Í BOÐI HEIMSPEKISKORAR OG JARÐ OG LANDFRÆÐISKORAR HÍ – Í
SAMVINNU VIÐ LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

DAGSKRÁ

31. maí 2006

16.00 Bátferð fyrir ráðstefnugesti til Viðeyjar frá Sundahöfn

Skráning

Kynning á Viðey í kirkjunni. Örvar B. Eiríksson, sagnfræðingur

Leiðsögn um listaverk á eynni (2-3 klst.)

Verk Richard Serra, Áfangar, Kristinn Hrafnsson

Verk Site-ations International, Rósa S. Jónsdóttir/Hannes Lárusson

19.30 Móttaka í Viðeyjarstofu í boði höfuðborgarstofu.

1. júní 2006

9.30 Opnunar pallborðsumræður í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi.

Sean O'Reilly, alþjóðlegur skipuleggjandi site-ations

Doreen Massey, landfræðiprófessor við OU í Bretlandi

Gísli Pálsson, mannfræðiprófessor við HÍ

Andrew Stonyer, listaprófessor við háskólann í Gloucestershire, Cheltenham.

Gunnar J. Árnason, listheimspekingur og stundakennari við Listaháskólann

ÖLLUM OPIÐ

12.00 Hádegisverður

13.15 Opnun listsýningar ráðstefnunar, Öskju. Umhverfisráðherra opnar.

ÖLLUM OPIÐ

14.00 Málstofur ráðstefnunar í Öskju.

ÖLLUM OPIÐ

17.00 Lokakynning Vísindalistar í Aðalbyggingu Háskólans.

ÖLLUM OPIÐ

18.00 Móttaka fyrir ráðstefnugesti í boði rektor HÍ.

2. júní 2006

Málstofur í Öskju allan daginn, öllum opnar.

Frekari upplýsingar má finna á vefsíðunni www.sparten.bi.is

Stjórnarskipti

Aðalfundur félags landfræðinga var haldinn 7. apríl sl. í Öskju. Í upphafi fundar hélt Magnús Guðmundsson forstjóri Landmælinga Íslands erindi um sögu Landmælinga á Íslandi og framtíðarhorfur. Var erindið mjög vandað og þótti fundarmönnum það áhugavert.

Að loknu erindinu var gengið í venjulega aðalfundarstörf og ný stjórn kosinn.

Fráfarandi stjórn skilar góðu búi og þökkum við þeim innilega fyrir vel unnin störf. Þau sem skipuðu fráfarandi stjórn voru:

Hjalti J. Guðmundsson, formaður
Albert Svan Sigurðsson, varaformaður
Ríkharður Friðrik Friðriksson, gjaldkeri
Bjarki Kjartansson, ritari (bjarki@lbhi.is)
Anna Fanney Gunnarsdóttir, meðstjórnandi (afgunnarsdottir@actavis.com)

Bjarki og Anna Fanney gáfu áfram kost á sér til stjórnasetu. Við nýja stjórn bætast því:


Edward H. Huijbens, formaður (edward@hi.is)
Björn Traustason, varaformaður (bjorntr@lbhi.is)
Eygerður Margrétardóttir, gjaldkeri (eygerdur.margretardottir@inpro.is)

Bjarki og Anna Fanney halda sínum stöðum. Við óskum nýrri stjórn velfarnaðar í starfi en það sem einkennir þessa nýju stjórn er að allir eru undir 35 ára og búa vítt og breitt um landið. Formaður býr á Akureyri, gjaldkeri á Selfossi, varaformaður í Mosfellsbæ og ritari í Grafarholti.

Landabréfið 2006

Ritstjórn Landabréfsins kallar eftir greinum og ritgerðum í tímaritið sem áætlað er að komi út næsta haust. Æskilegt er að greinar berist fyrir 1. júní. Þær fara þá í yfirlestur og ritrýningu. Ábendingar og tillögur um efnistöð og hugmyndir eru einnig vel þegnar.


Ritstjórn vill einnig benda á möguleikann á að senda inn bókagagnrýni eða aðra gagnrýni sem á erindi til landfræðinga.



Ritstjóri Landabréfsins er Karl Benediktsson: kben@hi.is

Á RÖNGUNNI...

ijbens



Jamms það er það sem ég geri... frekar ógeðslegt ekki satt? Ég get ekki hugsað mér neitt meira niðrandi. Ég skammast mín svo fyrir þetta. Hvað gerir þú annars?



Stundum finnst mér ég vinna versta starf í heimi! Einmitt það já!